



SKULDBINDANDI SAMNINGAR - 3 INNANRÍKISRÁÐUNEYTI

JANÚAR 2012

EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR	3
VIÐBRÖGÐ INNANRÍKISRÁÐUNEYTIS	5
1 INNGANGUR	7
2 SKULDBINDANDI SAMNINGAR INNANRÍKISRÁÐUNEYTIS	8
2.1 Fjöldi, kostnaður og gildistími	8
2.2 Ákvæði skuldbindandi samninga	10
2.3 Verkferlar samninga	11
2.4 Eftirlit á samningstíma	11
2.5 Úttekt og endurskoðun samninga	13
2.6 Eftirlit með stofnunum	14

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

Á undanförunum árum hafa einstök fagráðuneyti gert fjölmarga samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um að þessir aðilar taki að sér tiltekin verkefni gegn greiðslum úr ríkissjóði. Ýmist standa einstök fagráðuneyti eða stofnanir þeirra ein að samningunum eða með aðkomu annarra ráðuneyta. Í skýrslunni sem hér liggur fyrir er fjallað um niðurstöður úttektar Ríkisendurskoðunar á 31 samningi innanríkisráðuneytis og stofnana þess sem gefnir eru upp í yfirlitinu „Skuldbindandi samningar“ í fjárlögum. Áætlaður kostnaður við þá á árinu 2011 er 6,1 ma.kr. og vega þar þyngst samkomulag um rekstrarkostnað þjóðkirkju Íslands og samningur við Isavia ohf. Áætlaður kostnaður við þessa tvo samninga nemur 63% af heildarkostnaði við þá skuldbindandi samninga sem til skoðunar eru.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur innanríkisráðuneyti nokkuð góða yfirsýn um þá samninga sem undir ráðuneytið heyrir. Samningarnir eru hins vegar um margt ólíkir. Má þar meðal annars nefna að í öllum samningum sem stofnanir innanríkisráðuneytis hafa gert er kveðið á um að verksalar skili verkkaupa upplýsingum um rekstur sinn en slík ákvæði er aðeins að finna í þriðjungi (2 af 6) samninga sem ráðuneytið hefur sjálft gert. Athygli vekur hve lítill hluti samninga inniheldur ákvæði um úttektir á samningstíma eða undir lok hans. Jafnframt vekur athygli að þær úttektir eða kannanir sem hafa verið gerðar hafa í flestum tilvikum verið óformlegar og ekki skjalfestar. Þá fylgja ráðuneytið ekki sérstaklega með framkvæmd samninga sem stofnanir þess gera eða því hvernig þær sinna eftirlitshlutverki sínu.

Ríkisendurskoðun telur að samræma þurfi upplýsingar um eftirlit og setja því viðeigandi umgjörð. Mikilvægt er að skýrar verklagsreglur gildi um gerð samninga, umsjón og eftirlit með þeim sem þarf að vera markvisst, formlegt og skjalfest. Innanríkisráðuneyti vinnur nú að breytingum á starfsemi sinni þar sem meðal annars stendur til að skilgreina hlutverk ráðuneytisins, skýra verkaskiptingu milli ráðuneytis og stofnana þess og forgangsraða verkum. Ríkisendurskoðun fagnar þessum áformum ráðuneytisins og hvetur til að eftirfarandi ábendingar verði hafðar til hliðsjónar við þá vinnu sem framundan er.

ÁBENDINGAR TIL INNANRÍKISRÁÐUNEYTIS

1. TRYGGJA ÞARF AÐ EFTIRLIT SÉ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI

Mikilvægt er að innanríkisráðuneyti sinni ávallt því eftirlitshlutverki sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og skuldbindandi samningum. Því ber meðal annars að

**ÚTTEKT Á 31
SAMNINGI UM 6,1
MA.KR. GREIÐSLUR**

**EFTIRLIT ÞARF AÐ
VERA MARKVISST,
FORMLEGT OG
SKJALFEST**

tryggja að skilyrði greiðslna séu uppfyllt og að eftirlit eigi sér stað. Þá þarf að taka formlega út þau verkefni sem samningar, lög og reglugerðir kveða á um.

2. FYLGJAST ÞARF MEÐ ÞVÍ AÐ STOFNANIR UPPFYLLI ÁKVÆÐI SAMNINGA

Skilgreina þarf aðkomu innanríkisráðuneytis að samningum stofnana sinna og eftirliti þeirra með framkvæmd samninga. Mikilvægt er að ráðuneytið fylgist með því að stofnanir þess starfi í samræmi við ákvæði samninga og sinni því eftirliti sem þar er kveðið á um. Ein leið til þess gæti verið að ráðuneytinu bærust reglulega skýrslur frá stofnunum sínum þar sem fram kemur með hvaða hætti eftirliti hefur verið sinnt.

3. SAMRÆMA ÞARF ÁKVÆÐI UM EFTIRLIT

Skilgreina þarf hver fer með eftirlit með skuldbindandi samningum, hvað felst í því og hvernig því skuli sinnt. Eftirlitinu þarf að lýsa með samræmdum hætti í samningum. Samræming ákvæða í samningum stuðlar að bættri samningsgerð og einfaldar og auðveldar um leið bæði eftirlit og eftirfylgni með samningum.

4. MÓTA ÞARF REGLUR UM ÚTTEKTIR OG ENDURSKOÐUN Á SAMNINGSTÍMA

Efla þarf eftirlit og eftirfylgni á samningstíma með reglulegum og formlegum úttektum. Fylgjast þarf með því á samningstíma hvernig fjárframlagi ríkisins er ráðstafað, hvort unnið er í samræmi við samning og hvort markmiðum sé náð. Upplýsingar sem úttektir á samningstíma veita og reynsla af framkvæmd samnings geta bent til þess að endurskoða þurfi samning.

5. GERA Á FORMLEGAR ÚTTEKTIR Á SAMNINGUM UNDIR LOK SAMNINGSTÍMA

Ákvarðanatöku um framhald samstarfs, samningsgerð og eftirlit má bæta með því að styðjast við niðurstöður formlegra úttekta undir lok samningstíma þar sem lagt er mat á framkvæmd samnings, meðferð fjárframlaga ríkisins og árangur þjónustu eða verkefnis. Innanríkisráðuneyti þarf að gera formlegar úttektir á samningum og færa þær í ákveðinn farveg, til dæmis með verklagsreglum um framkvæmd, skjalfestingu og varðveislu úttekta.

6. SAMRÆMA ÞARF NOTKUN MARKMIÐA OG MÆLIKVARÐA

Markmið og mælikvarðar samninga eru grundvallarþættir þegar framkvæmd og árangur þeirra eru metin. Samræma þarf notkun markmiða og mælikvarða við samningsgerð og ákveða hvernig standa skuli að árangursmati og úttektum á grundvelli þeirra.

7. TENGJA ÞARF GREIÐSLUR VIÐ MARKMIÐ, FRAMMISTÖÐU EÐA FRAMVINDU

Ríkisendurskoðun hvetur innanríkisráðuneyti til þess að tengja greiðslur samninga við markmið samninga, frammistöðu verksala og/eða framvindu verkefna með skýrari hætti en hefur verið gert. Með því að tengja mælikvarða við skilgreinda þætti, til dæmis skil gagna og áfanga sem nást, má einnig setja greiðslum ákveðnar skorður og stuðla að bættri nýtingu framlaga.

VIÐBRÖGÐ INNANRÍKISRÁÐUNEYTIS

1. TRYGGJA ÞARF AÐ EFTIRLIT SÉ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI

„Innanríkisráðuneytið hefur í kjölfar sameiningar tekið alla starfsemi ráðuneytisins til skoðunar með það að markmiði að unnið sé í öllum málaflokkum á faglegan, skilvirkan og vandaðan hátt og í samræmi við lög og þarfir samfélagsins. Ráðuneytið er m.a. að vinna að mótun verklags við samningagerð og eftirfylgni með samningum með það að markmiði að nýta fjármagn á sem árangursríkastan hátt. Við mótun verklagsins og endurnýjun gildandi þjónustusamninga munu ábendingar Ríkisendurskoðunar nýttast vel.“

2. FYLGJAST ÞARF MEÐ ÞVÍ AÐ STOFNANIR UPPFYLLI ÁKVÆÐI SAMNINGA

„Við endurnýjun gildandi samninga fer innanríkisráðuneytið yfir hvort samningar hafi verið uppfylltir og mun gera athugasemdir ef um vanefndir er að ræða. Ráðuneytið sem verkkaupi fylgist með því að greinargerðir og framvinduskýrslur verksala berist og gerir ráðstafanir verði misbrestur þar á. Ráðuneytið áformar að beita sér fyrir því að setja skýrari ákvæði um formlegt eftirlit er lúta að úttektum á samningstíma.“

3. SAMRÆMA ÞARF ÁKVÆÐI UM EFTIRLIT

„Innanríkisráðuneytið telur að skýrt sé kveðið á um eftirlit í skuldbindandi samningum þess. Ráðuneytið vill benda á að markmið og uppbygging samninga eru eðli máls ólík og því ekki endilega hentugast að hafa ákvæðin eins í öllum samningum. Ráðuneytið mun skoða hvort ekki megi samræma enn meira en gert er nú til að veita betri yfirsýn og auka innra eftirlit með framvindu samninga.“

4. MÓTA ÞARF REGLUR UM ÚTTEKTIR OG ENDURSKOÐUN Á SAMNINGSTÍMA

„Innanríkisráðuneytið tekur undir að formlegt eftirlit og eftirfylgni á samningstíma mætti vera meira og mun taka tillit til þess við endurnýjun gildandi samninga. Reynslan hefur þó verið að samskipti við verksala hafa verið góð og stöðug í gegnum samningstímamann sem gerir það að verkum að yfirsýn skapast yfir framgang samninga. Fundir eru haldnir reglulega og farið yfir fyrirbyggjandi gögn og meðferð fjármuna.“

5. GERA Á FORMLEGAR ÚTTEKTIR Á SAMNINGUM UNDIR LOK SAMNINGSTÍMA

„Innanríkisráðuneytið mun halda áfram að gera úttekt við endurskoðun samninga undir lok samningstíma og mun skoða að setja slíka úttekt með formlegri hætti inn í samninga en nú er.“

6. SAMRÆMA ÞARF NOTKUN MARKMIÐA OG MÆLIKVARÐA

„Greiðslur innanríkisráðuneytisins til verksala eru almennt tengdar við skilgreinda frammistöðu verksala. Við endurnýjun gildandi samninga mun fara fram endurskoðun á markmiðum og mælikvörðum og ákveðið hvernig skuli standa að árangursmati og úttektum svo þjóna megi sem best markmiðum um hagkvæma og árangursríka meðferð á fjármagni ríkisins.“

7. TENGJA ÞARF GREIÐSLUR VIÐ MARKMIÐ, FRAMMISTÖÐU EÐA FRAMVINDU

„Innanríkisráðuneytið tekur undir hvatningu Ríkisendurskoðunar og leggur áherslu á að greiðslur séu tengdar markmiðum, frammistöðu eða framvindu með skýrari hætti.“

1 INNGANGUR

Í úttektum sínum hefur Ríkisendurskoðun iðulega orðið þess áskynja að bæta þurfi meðferð samninga sem ráðuneyti og stofnanir gera við samtök, einkaaðila eða sveitarfélög um tiltekin verkefni. Þá hafa þingmenn lýst áhuga á því að fá upplýsingar um umfang framlaga, hvernig þeim er ráðstafað og hvernig eftirliti með samningum er háttað. Ákveðið var að kalla eftir afritum allra rekstrar- og þjónustusamninga ríkisins í árslok 2010 og leiddi yfirferð þeirra í ljós að um fjórðungur samninga sem greitt er eftir á árinu 2011 var útrunninn.

Í kjölfarið ákvað stofnunin að skoða nánar framkvæmd, eftirlit og eftirfylgni ráðuneyta með tilteknum flokki samninga sem skilgreindur er sem „skuldbindandi samningar“ í fjárlögum. Þess ber að geta að ráðuneytin fara með yfirstjórn mála sem undir þau heyra, marka stefnu og hafa eftirlit með fjárreiðum stofnana sinna. Með þessari úttekt er leitast við að fá yfirsýn um stöðu mála, m.a. hve mikið er um að greitt sé eftir útrunnum samningum, hvernig eftirlitshlutverk er skilgreint í samningum og hvernig ráðuneyti sinna samningamálum. Við úttektina er m.a. stuðst við reglugerðir¹ um samninga sem ráðuneyti og stofnanir gera en ekki er lagt mat á það hvort ákvæði í samningum séu tæmandi eða viðeigandi lýsing á eftirlitshlutverki ráðuneyta og stofnana þeirra. Í úttektinni er lögð megináhersla á að kanna hvort starfað er í samræmi við ákvæði samninga.

Ráðherrum er heimilt að gera rekstrar- og þjónustusamninga við samtök, einkaaðila eða sveitarfélög um verkefni sem heyra undir ráðuneyti þeirra. Ýmist gerir ráðherra slíka samninga einn og sér eða í samstarfi við aðra ráðherra. Þá geta ráðherrar gert samninga ásamt fjármálaráðherra samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga nr. 88/1997. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 83/2000, um láns- og reikningsviðskipti í A-hluta ríkissjóðs, ber stofnun að leita skriflegrar heimildar fjármálaráðuneytis og viðkomandi fagráðuneytis fyrir öllum skuldbindingum til lengri tíma en 90 daga. Henni er jafnframt óheimilt að skuldbinda ríkissjóð með samningum án þess að fyrir liggja heimild í lögum eða samþykki ráðuneytis.

Skýrslan sem hér liggur fyrir er þriðji hluti úttektar Ríkisendurskoðunar á skuldbindandi samningum einstakra ráðuneyta. Vinna við sambærilegar athuganir hjá öðrum ráðuneytum er hafin og verða niðurstöður þeirra gerðar opinberar þegar þær liggja fyrir.

Ríkisendurskoðun þakkar öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoð við úttektina.

**FJÓRÐUNGUR
SAMNINGA VAR
ÚTRUNNINN**

**MEGINÁHERSLAN AÐ
KANNA HVORT
ÁKVÆÐUM
SAMNINGA ER FYLGT**

**ÞRIÐJI HLUTI
ÚTTEKTAR Á
SKULDBINDANDI
SAMNINGUM**

¹ Reglugerð nr. 262/1999 um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum um verklegar framkvæmdir og rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs. Reglugerð nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs.

2 SKULDBINDANDI SAMNINGAR INNANRÍKISRÁÐUNEYTI

2.1 FJÖLDI, KOSTNAÐUR OG GILDISTÍMI

Á undanförunum árum hafa einstök fagráðuneyti gert fjölmarga samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um tiltekin verkefni. Mat á því hvernig til tekst varpar meðal annars ljósi á hvort verkefni skili því sem að er stefnt, hvort markmið samnings náist, hvort samningsaðili sinni verkefni með viðunandi hætti, hvort breyta þurfi samstarfinu eða hvort verkefni sé ef til vill betur komið hjá öðrum samningsaðila eða hjá ríkinu. Í þessari úttekt er sjónum eingöngu beint að þeim samningum innanríkisráðuneytis sem skilgreindir eru í yfirlitinu „Skuldbindandi samningar“ í fjárlögum og voru virkir á árinu 2011. Með virkum samningum er átt við samninga sem greitt er eftir á árinu 2011, hvort sem gildistími þeirra er útrunninn eða ekki.

Í yfirliti um skuldbindandi samninga innanríkisráðuneytis í frumvarpi til fjárlaga eru 32 samningar. Úttekt þessi nær ekki til samkomulags um afnot af Þjóðskrá þar sem það er töluvert frábrugðið öðrum samningum í yfirlitinu. Greiðslurnar eru byggðar á minnisblaði frá árinu 1999 af fundi með Hagstofustjóra en þar segir frá samkomulagi tveggja ríkisaðila um árlegar greiðslur fyrir afnot af kerfi ríkisstofnunar. Ríkisendurskoðun leggur til að kannað verði hvort eðlilegt sé að samkomulagið sé tilgreint í yfirlitinu „Skuldbindandi samningar“.

Úttektin nær því til 31 virks samnings sem barst frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og stofnunum þeirra þegar Ríkisendurskoðun kallaði eftir afritum allra rekstrar- og þjónustusamninga ráðuneyta og stofnana þeirra í árslok 2010 (sbr. töflu 2.1). Ráðuneytin voru sameinuð 1. janúar 2011 og svarar innanríkisráðuneyti nú fyrir samningana. Áætlað er að kostnaður við þá nemi 6,1 ma.kr. á árinu 2011.


KANNA ÞARF HVORT
SAMKOMULAG UM
ÞJÓÐSKRÁ EIGI AÐ
TILGREINA Í YFIRLITI

31 SAMNINGUR
SKOÐAÐUR

VERKKAUPI	FJÖLDI SAMNINGA	ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR 2011 (M.KR.)
INNANRÍKISRÁÐUNEYTI	6	4.345
VEGAGERÐIN	24	1.499
SIGLINGASTOFNUN	1	291
SAMTALS	31	6.135

Samkvæmt fjárlögum 2012 er áætlaður kostnaður við 31 samning innanríkisráðuneytis sem hér um ræðir 6,3 ma.kr. á árinu 2012. Þar af eru um 4,1 ma.kr., eða 65%, vegna samninga sem runnu út á árinu 2011 (sbr. mynd 2.2).

2.2 Fjárhagslegt vægi samninga eftir því ári sem gildistími þeirra rennur út (staðan í desember 2011)



Í ljósi þessa þótti Ríkisendurskoðun ástæða til að kanna hvernig viðræðum vegna þeirra samninga sem runnu út á árinu 2011 miðar. Ráðuneytið lýsir stöðunni svo:

Unnið hefur verið að því að Landshlutasamtök sveitarfélaga taki yfir almenningssamgöngur á landi sem hingað til hafa verið ríkisstyrktar. Stefnt er að sem bestri nýtingu fjármuna ríkis og sveitarfélaga eins og hægt er, m.a. með því að huga að samnýtingu samgangna fyrir ólíka hópa svo sem nemendur, íþróttafólk o.fl. Þannig verður þjónusta færð að þörfum samfélagsins og almenningssamgöngur milli þéttbýlisstaða í hverjum landshluta eflar með grenndarstjórnsýslu og bættri nýtingu fjármagns. Að mati ráðuneytisins var nauðsynlegt að Vegagerðin gerði tímabundnar ráðstafanir á fyrirkomulagi stuðnings á næsta ári og þeirra samninga sem eru lausir. Miðað er við að almenningssamgöngur á landi færast til sveitarfélaga og samtaka þeirra um næstu áramót [2011-12]. Áfram verður síðan rætt við landshlutasamtökin og einstök sveitarfélög um að taka yfir aðrar almenningssamgöngur svo sem með ferjum.

**UNNIÐ AÐ BREYTTU
FYRIRKOMULAGI
ALMENNINGSSAM-
GANGNA**

Ráðuneytið sendi lista yfir samninga sem unnið er að. Í flestum tilfellum er um að ræða samninga um almenningssamgöngur og er unnið að yfirtöku sveitarfélaga á almenningssamgöngum á landi en stefnt að framlengingu samninga um ferjusiglingar. Unnið er að endurskoðun og framlengingu samninga sem ráðuneytið hefur gert við Isavia ohf. og Neyðarlínuna hf. Ríkisendurskoðun hyggst fylgjast með endurnýjun og framlengingu samninga og hefur óskað eftir afritum nýrra samninga jafnóðum og þeir verða gerðir.

2.2 ÁKVÆÐI SKULDBINDANDI SAMNINGA

Eftir að hafa yfirfarið alla samninga ráðuneyta og stofnana þeirra sem Ríkisendurskoðun óskaði eftir í lok ársins 2010 valdi stofnunin nokkra efnisþætti sem flestir samningar áttu sameiginlega ásamt atriðum sem telja má mikilvæg í eftirliti með framkvæmd þeirra. Einnig ákvað Ríkisendurskoðun að afla upplýsinga um verkferla fyrir samninga ráðuneyta ásamt því að kanna hvort og þá með hvaða hætti þau leggja mat á árangur skuldbindandi samninga.

Úttekt Ríkisendurskoðunar á 31 samningi innanríkisráðuneytis einskorðaðist við eftirlitshlutverk verkkaupa (ráðuneytis eða stofnunar þess) og var ákvæðum samninga skipt í flokka (sbr. töflu 2.3). Algengast er að í samningunum sé að finna ákvæði um skil gagna, skilyrði fyrir greiðslum og samráð verkkaupa og verksala. Athygli vekur hve ólík ákvæði samninga eru eftir því hvort ráðuneytið gerir þá eða stofnanir þess. Má þar til dæmis nefna að í öllum samningum sem stofnanir innanríkisráðuneytis hafa gert er kveðið á um að verksalar skili verkkaupa ársreikningi, ársskýrslu eða öðrum upplýsingum um rekstur sinn en slík ákvæði er aðeins að finna í þriðjung samninga sem ráðuneytið hefur gert. Áætlaður kostnaður við þá samninga sem ekki hafa ákvæði um upplýsingaskil nemur 1,7 ma.kr. á árinu 2011. Af yfirlitinu að dæma er ljóst að samræma þarf upplýsingar sem fram koma í samningum innanríkisráðuneytis og stofnana þess. Slík samræming stuðlar að bættri samningsgerð og einfaldar og auðveldar um leið bæði eftirlit og eftirfylgni með samningum.

SAMRÆMA ÞARF UPPLÝSINGAR Í SKULDBINDANDI SAMNINGUM

2.3 Hlutfall virkra samninga með ákvæðum um eftirfarandi atriði	INNANRÍKIS-	
	RÁÐUNEYTI	STOFNANIR
UPPLÝSINGAR UM REKSTUR	33%	100%
SKILYRÐI FYRIR GREIÐSLUM	33%	80%
SAMRÁÐ UM VERKEFNAVAL/ÞJÓNUSTU	33%	80%
ÚTTEKT Á SAMNINGSTÍMA	17%	52%
SKILGREINING MARKMIÐA, MÆLIKVARÐA OG/ÉÐA AÐGERÐA	17%	24%
VERKKAUPI HEFUR EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD SAMNINGS	50%	12%
MÓTTAKA OG/ÉÐA GREINING GAGNA	0%	12%
SAMRÁÐSFUNDIR/HEIMSÓKNIR VERKKAUPA	33%	0%
FRESTUR VEGNA ENDURNÝJUNAR SAMNINGA	17%	4%
ÁRLEG/REGLULEG ENDURSKOÐUN SAMNINGS	0%	4%

Af 31 virkum samningi ráðuneytisins og stofnana þess eru 20 gerðir til lengri tíma en eins árs og nemur kostnaður vegna þeirra 3,2 ma.kr. á árinu 2011 eða rúmlega helmingi af kostnaði ráðuneytisins við skuldbindandi samninga það ár. Engu að síður er aðeins einn samningur með ákvæði um reglulega endurskoðun samnings. Í mörgum samningum kemur fram að endurskoða megi samning ef annar eða báðir aðilar fara fram á slíkt, ef aðstæður eða verkefni breytast o.þ.h. Hins vegar eru ákvæði um endurskoðun oft ekki nægilega skýr til þess að ljóst sé hver skilyrði hennar eru.

2.3 VERKFERLAR SAMNINGA

Ríkisendurskoðun óskaði eftir lýsingu á þeim verkferlum sem samningar ráðuneytisins fara eftir, svo sem með hvaða hætti samningar eru skráðir, til hvaða upplýsinga er litið við útgreiðslur og hvernig tryggt er að aðeins sé greitt eftir gildum samningum.

Samningar ráðuneytisins eru skráðir í málaskrá þess og annast Fjársýsla ríkisins greiðslur samkvæmt beiðnum frá fjármálaskrifstofu ráðuneytisins. Fjármálaskrifstofu er kunnugt um stöðu samninga og fyrirætlanir um endurnýjanir og samningslok. Virkir samningar innanríkisráðuneytis eru um rekstrarverkefni sem að óbreyttu eru viðvarandi, þ.e. litið er svo á að þeir verði endurnýjaðir í lok gildistíma nema aðstæður gefi tilefni til annars. Endurnýjun samninga er unnin sameiginlega af viðkomandi fagskrifstofu, skrifstofu stefnumótunar og þróunar og skrifstofu rekstrar og fjármála.

Í svörum ráðuneytisins kemur fram að öll starfsemi þess er til skoðunar með það að markmiði að unnið sé í öllum málaflokkum á faglegan, skilvirkan og vandaðan hátt og í samræmi við lög og þarfir samfélagsins. Ríkisendurskoðun fagnar þessum áformum ráðuneytisins. Tryggja þarf að gildir samningar séu um þau verkefni sem greitt er fyrir, að aðgengilegar upplýsingar liggi fyrir um skuldbindingar sem heyra undir innanríkisráðuneyti og að eftirlit sé í samræmi við ákvæði samninga.

2.4 EFTIRLIT Á SAMNINGSTÍMA

Samkvæmt ákvæðum þriðjungs samninga innanríkisráðuneytis skal verksali senda því tilgreind gögn um rekstur og/eða framvindu verkefna. Í þriðjungi samninga er framlag ríkisins háð fjölda einstaklinga (meðlimir þjóðkirkjunnar, starfsmenn hennar o.þ.h.) eða tekjum verksala af öðrum verkefnum en þeim sem samið er um. Auk ákvæða um upplýsingaskyldu og skilyrði greiðslna kveður hluti samninga á um að eftirlit á samningstíma felist í úttektum, fundum og/eða samráði.

2.4 Samningar sem innanríkisráðuneyti er skráður verkkaupi að			
SAMNINGUR	ÁKVÆÐI UM UPPLÝSINGASKIL	SKILYRÐI GREIÐSLNA	SAMNINGS- TÍMABIL
REKSTRARKOSTN. ÞJÓÐKIRKJUNNAR	NEI	JÁ	ÓTÍMABUNDIÐ
NEYÐARLÍNAN HF.	NEI	JÁ	2004-11
ISAVIA OHF.	JÁ	NEI	2011
SLYSAVARNASKÓLI SJÓMANNA	JÁ	NEI	2010-12
SLYSATRYGGINGAR LÖGREGLUMANNA	NEI	NEI	2009-12
SLYSAVARNAFÉL. LANDSBJÖRG	NEI	NEI	2011-15

Eftirliti með samningum ráðuneytisins er aðallega sinnt með yfirferð upplýsinga og reglulegum fundum með verksölum. Isavia ohf. og Neyðarlínan hf. skila meðal annars upplýsingum um rekstur og áætlunum og eru haldnir reglulegir fundir með þessum aðilum um stöðu mála. Jafnframt fundar ráðuneytið að minnsta kosti árlega með Slysavarnafélaginu Landsbjörg um framkvæmd samnings og árangur. Ráðuneytið telur ákvæði samkomulags um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar ekki kalla á sérstakt eftirlit. Ákvæði samningsins eru yfirfarin árlega með

tilliti til þeirra greiðslna sem ríkissjóður er skuldbundinn til að inna af hendi miðað við forsendur samningsins. Er þetta gert við undirbúning fjárlaga. Siglingastofnun hefur verið falið að annast eftirlit með samningi um Slysavarnaskóla sjómanna. Ríkisendurskoðun vill benda á ráðuneytið verður að fylgjast með því hvernig Siglingastofnun annast eftirlit sem henni hefur verið falið með samningi um Slysavarnaskóla sjómanna. Nánar verður fjallað um eftirlit ráðuneytis með stofnunum sínum í kafla 2.6.

UPPLÝSINGAR UM STARFSEMI

Feli ákvæði samninga í sér einhvers konar samþykkt ráðuneytis á upplýsingum er mikilvægt að yfirfara þau gögn sem berast. Sé það ekki gert getur það orðið til þess að ráðuneytið greiði óafvitandi fyrir þjónustu sem ekki er í samræmi við samning. Sendi aðili umsamin gögn á samningstíma sem gefa til kynna að starfsemi sé með öðrum hætti en um var samið getur orðið erfitt að sækja bætur vegna samningsbrota hafi ráðuneytið ekki yfirfarið gögnin og gert viðeigandi athugasemdir. Um yfirferð innsendra gagna segir ráðuneytið:

Þar sem ráðuneytið er verkkaupi fylgist það með því að gögn berist og gerir ráðstafanir verði misbrestur þar á. Fagskrifstofa málaflokksins, skrifstofa stefnumótunar og þróunar og eftir atvikum skrifstofa fjármála og rekstrar fara yfir innsend gögn m.t.t. markmiða, mælikvarða, laga, alþjóðlegra skuldbindinga og annarra ákvæða samningsins. Þá eru gögnin í mörgum tilvikum notuð við stefnumótun í málaflokknum.

Í tveimur af sex virkum samningum ráðuneytisins er kveðið á um að það skuli reglulega fá upplýsingar um rekstur samningsaðila, til dæmis ársreikninga, ársskýrslur, framvinduskýrslur eða áætlanir. Í svörum ráðuneytisins kemur þó fram að allir sex samningsaðilar þess senda upplýsingar um rekstur sinn til ráðuneytisins, hvort sem ákvæði samninga kveða á um slík skil eður ei. Jafnframt kom fram að innanríkisráðuneyti hyggst setja ákvæði um upplýsingaskil í samninga sem gerðir verða héðan í frá. Ráðuneytið telur það vera hluta af faglegu eftirliti að yfirfara gögn frá verksala, meta þau og bregðast við. Verklag um meðferð innsendra gagna hefur verið skjalfest en ráðuneytið skilar samningsaðila ekki formlegu mati á upplýsingum sem sendar eru nema ástæða þyki til. Ríkisendurskoðun telur að koma þurfi endurgjöf í formlegri farveg.

SKILYRÐI FYRIR GREIÐSLUM

Í þriðjungi virkra samninga er framlag ríkisins tengt við fjölda einstaklinga (meðlimir þjóðkirkjunnar, starfsmenn hennar o.þ.h.) eða tekjur verksala af öðrum verkefnum en þeim sem um hefur verið samið. Ríkisendurskoðun kannaði hvernig ráðuneytið framfylgir ákvæðum af þessu tagi. Jafnframt var óskað eftir skýringum á því hvers vegna greiðslur eru ekki almennt tengdar við frammistöðu verksala. Um það hvernig tryggt er að farið sé að þessum ákvæðum segir innanríkisráðuneyti: „Við undirbúning fjárlaga fer skrifstofa fjármála og rekstrar, í samráði við viðkomandi fagskrifstofu, yfir ákvæði samninga sem kveða á um þetta.“ Í ákvæðum samninga er til dæmis kveðið á um mánaðarlegar eða ársfjórðungslegar greiðslur. Að mati Ríkisendurskoðunar væri því æskilegt að láta ekki nægja að yfirfara samninga árlega með hliðsjón af ákvæðum um skilyrði fyrir greiðslum. Slík yfirferð ætti að fara fram reglulega á samningstíma, áður en til greiðslu kemur.

**KOMA ÞARF
ENDURGJÖF Í
FORMLEGRI FARVEG**

**SANNREYNA ÞARF AÐ
SKILYRÐI FYRIR
GREIÐSLU SÉU
UPPFYLLT**

Ráðuneytið telur að greiðslur séu nú þegar almennt tengdar við skilgreinda frammi-
stöðu verksala og bendir í svörum sínum á samninga við Isavia ohf. og um Slysavarna-
skóla sjómanna. Í samningunum er fyrirvari um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í
fjárlögum og ákvarðanir stjórnvalda vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Í
5. gr. samnings við Isavia ohf. er tilgreint hvernig framlag ríkisins skiptist á milli við-
halds og framkvæmda en tengingu við framvindu er ekki lýst. Fjárhæð samningsins
tekur mið af áætlun ársins sem lögð er fram við samningsgerðina. Greiðsluáætlun er
samin með hliðsjón af rekstraráætlun ársins en ekki er ljóst hvort greiðslur taka
breytingum innan ársins í samræmi við framvindu verkefna eða hvort ráðuneytið leggi
mat á slíkt áður en til greiðslu kemur. Í samningi um Slysavarnaskóla sjómanna segir
að Slysavarnafélagið Landsbjörg haldi námskeið fyrir starfandi og verðandi sjómenn og
fái fyrir það fasta fjárhæð á ári. Fram kemur að upphæðir eru miðaðar við forsendur
umfangs og verðlags en ekki kemur fram hverjar þær forsendur eru eða hvaða áhrif
þær hafa á framlag ríkisins. Að mati Ríkisendurskoðunar eru ákvæði þau sem ráðu-
neytið vísar til óljós og verður ekki ráðið af þeim að verksali þurfi að sýna ákveðna
frammistöðu áður en til greiðslu kemur.

2.5 ÚTTEKT OG ENDURSKOÐUN SAMNINGA

Aðeins samningur ráðuneytisins við Isavia ohf. hefur ákvæði um úttekt á samningstíma.
Ákvæði um reglulega endurskoðun samnings eða úttekt undir lok samningstíma er ekki
að finna í neinum virkum samningi innanríkisráðuneytis. Í svörum ráðuneytisins kemur
þó fram að Neyðarlínan hf. hafi frumkvæði að því að láta taka út starfsemi sína og að
Flugmálastjórn Íslands hafi verið falið að annast úttektir á viðhaldi og framkvæmdum
Isavia ohf. Jafnframt segir að Neyðarlínan hf. hafi kynnt ráðuneytinu niðurstöður
úttekta og skilað skýrslum þar að lútandi og að skýrslur hafi verið gerðar um úttektir á
Isavia ohf. Ríkisendurskoðun bærust afrit af nokkrum slíkum skýrslum og er það mat
stofnunarinnar að skýrslurnar séu faglega unnar.

Athygli vekur að ekki er hærra hlutfall samninga með ákvæði um endurskoðun og/eða út-
tektir á verkefnum og meðferð fjárframlags ríkisins á samningstíma þar sem allir samn-
ingar ráðuneytisins að frátöldum samningi við Isavia ohf. gilda í lengri tíma en eitt ár.

Úttekt á umsömdum verkefnum á samningstíma veitir meðal annars upplýsingar um
það hvernig fjárframlagi er ráðstafað, hvort unnið sé í samræmi við samning og hvort
markmiðum sé náð. Niðurstöður slíkrar úttektar gætu bent til þess að endurskoða
þyrfti samning. Ríkisendurskoðun leitaði álits ráðuneytisins á því hvort eðlilegt væri að
ákvæði um úttektir á samningstíma og reglulega endurskoðun væru í öllum langtíma-
samningum þess. Ráðuneytið telur að slík ákvæði eigi að vera til staðar í öllum samn-
ingum sem spanna meira en eitt ár og hyggst fara yfir þessi mál.

Úttekt undir lok samningstíma þar sem farið er yfir framkvæmd samnings og meðferð
fjárframlaga ríkisins gefur mynd af því hver árangur samnings var. Slíkar upplýsingar
ætti að hafa til hliðsjónar þegar tekin er ákvörðun um það hvort samstarfi skuli fram-
haldið. Ríkisendurskoðun óskaði eftir skýringum á því hvers vegna ekki er kveðið á um
úttekt undir lok samningstíma í virkum samningum ráðuneytisins. Ráðuneytið segir

**ÁKVÆÐI UM ÚTTEKT
Í EINUM SAMNINGI**

**ÚTTEKTIR VERÐI
FÆRÐAR Í
FORMLEGRA FAR**

slíkar úttektir fara fram þrátt fyrir að ekki sé sérstaklega kveðið á um það í samningum. Yfir umfangsmeiri samninga sé farið reglulega auk þess sem samningsaðilar hittist á reglulegum fundum. Þá metur ráðuneytið árangur samninga við samningslok og við endurnýjun samninga en aðferðir við árangursmat eru mismunandi eftir eðli þeirrar þjónustu sem keypt er. Ríkisendurskoðun fagnar því að úttektir séu gerðar á öllum samningum ráðuneytisins en hvetur til þess að framkvæmd þeirra verði komið í formlegri farveg og að kveðið verði á um slíkar úttektir í samningum.

ENDURNÝJUN OG FRAMLENGING SAMNINGA

Óskað var eftir upplýsingum um það hvernig ákvörðun um áframhaldandi samstarf er tekin í ráðuneytinu. Fram kom að litið er til reynslu af gildandi samningi áður en til ákvörðunar kemur um framlengingu. Meðal annars er litið til þess hvernig gengur að sinna lögbundnu hlutverki og þeim samfélagslegu þörfum sem um ræðir. Þá er litið til markmiða sem skilgreind hafa verið, mælikvarða og hvort árangur hefur verið eins og að var stefnt. Ríkisendurskoðun telur að við ákvörðunartöku um áframhaldandi samstarf þurfi að liggja fyrir tilteknar upplýsingar, svo sem árangursmat gildandi samnings, mat á þörf fyrir þjónustu og markmið með nýjum samningi, auk þess sem líta þarf til þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru. Verklag ráðuneytisins er að mestu í samræmi við þetta sjónarmið stofnunarinnar.

SKILGREINING MARKMIÐA OG MÆLIKVARÐA

Áður en samið er um verkefni ætti að skilgreina hver markmið og ávinningur samnings eru. Skilgreiningarnar stuðla að markvissri framkvæmd samninga. Í samningslok og á samningstíma eru þær einnig notaðar til þess að meta árangur verkefnis og hvort markmið náist. Það er því mikilvægt að skilgreina verkefni vel þegar um þau er samið, hvort sem er í kröfulýsingu, samningi eða fylgiskjólum hans.

Ráðuneytið telur að í flestum tilvikum væri eðlilegt að setja ákvæði um skilgreiningar markmiða og mælikvarða í skuldbindandi samninga og hyggst beita sér fyrir því. Ríkisendurskoðun beinir því til ráðuneytisins að koma skilgreiningu og framsetningu markmiða, mælikvörðum og árangursmati í ákveðið ferli.

2.6 EFTIRLIT MEÐ STOFNUNUM

Við eftirlit með stofnunum notast ráðuneytið við þingsályktanir um samgöngu- og fjar-skiptaáætlun sem Alþingi samþykkir en þar eru meðal annars skilgreind markmið og mælikvarðar. Ráðherra leggur fyrir Alþingi framvinduskýrslur um áætlanirnar og koma þar fram upplýsingar um starfsemi Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar, Flugmála-stjórnar, Umferðarstofu, Vaktstöðvar siglinga og Slysavarnaskóla sjómanna. Uppistaða framvinduskýrslanna eru upplýsingar sem stofnanir innanríkisráðuneytis vinna og senda ráðuneytinu reglulega. Um eftirlit sitt með framkvæmd samninga sem stofnanir þess gera segir ráðuneytið:

Vegna aukins álags og vandaðri stjórnáslu reynist nauðsynlegt að skilgreina hlutverk ráðuneytisins, skýra verkaskiptingu á milli ráðuneytis og stofnana þess og forgangsraða. Í ljósi þessa telur ráðuneytið ekki nauðsynlegt að hafa sérstakt eftirlit með þjónustusamningum stofnana umfram eftirlit með annarri starfsemi þeirra eða öðrum útgjöldum. Undirstofn-

anir þess telja á sjötta tug og heildarútgjöld þeirra nema um 70 milljörðum króna á ári. Heildarfjárhæð samninga sem stofnanir ráðuneytisins hafa gert, og eru nú til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun, nema 1,5 milljarði króna eða um 2% af heildarútgjöldum stofnananna.

Ráðuneyti ber að hafa eftirlit með fjárreiðum og skuldbindingum stofnana sem undir það heyra. Að mati Ríkisendurskoðunar er hluti af því eftirliti að fylgjast með því hvort og þá með hvaða hætti stofnanir sinna eftirlitshlutverki sínu á samningstíma samkvæmt ákvæðum samninga sem þær gera. Skilgreina þarf aðkomu ráðuneytisins að samningum stofnana sinna og eftirliti stofnana með framkvæmd samninga. Ríkisendurskoðun telur að reglulegar skýrslur með upplýsingum um það hvernig stofnun hefur sinnt samningum og eftirliti með þeim gæti verið góð leið fyrir ráðuneytið til þess að fylgjast með eftirlitshlutverki stofnana sinna. Stofnunin beinir því til ráðuneytisins að kannaðir verði möguleikar á því að þær stofnanir sem gera samninga og hafa eftirlit með þeim sendi ráðuneytinu samantekt á framkvæmd eftirlits reglulega. Slíkar upplýsingar gætu til dæmis verið hluti af framvinduskýrslum sem stofnanir senda ráðuneytinu.

**FYLGJAST ÞARF MEÐ
FRAMKVÆMD
EFTIRLITS HJÁ
STOFNUNUM**

ÚTTEKT OG ENDURSKOÐUN SAMNINGA

Samkvæmt ákvæðum 13 samninga hefur verkkaupi rétt á að gera athuganir á því að verksali uppfylli samningsskyldur sem og að skoða skip, leiðar- og véladagbækur. Um er að ræða 12 samninga sem Vegagerðin hefur gert og einn samning Siglingastofnunar. Ríkisendurskoðun óskaði eftir upplýsingum um það hvort gerðar hafi verið úttektir eða kannanir samkvæmt ákvæðum samninga og var svar ráðuneytisins svo:

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni þá er upplýsingum safnað um alla samninga. Fyrst og fremst er um að ræða tölur um afköst, þ.e. fjölda farþega og ferðir sem farnar hafa verið. Þá eru greiðslur þekkt stærð. Óformlegar kannanir eru gerðar þegar ástæða er til t.d. vegna kvartana, en þær eru ekki gerðar reglulega og ekki unnar sérstakar skýrslur. Við upphaf samninga er farið yfir upplýsingar og komist að samkomulagi um greiðslur. Herjólfur er með sérstakt fyrirkomulag, en starfsmenn Vegagerðarinnar fara yfir reikninga skv. svokallaðri opinni bók. Litið er svo á að við gerð samninga fari fram úttekt sem eigi að duga fram að þeim næsta en fylgst er með rekstrarumfangi á milli.

Ákvæði um úttekt undir lok samningstíma er ekki að finna í neinum virkum samningi sem stofnanir ráðuneytisins hafa gert. Úttekt undir lok samningstíma ætti að gefa mynd af því hver árangur samnings var og veita upplýsingar sem ætti að hafa til hliðsjónar þegar tekin er ákvörðun um það hvort samstarfi skuli fram haldið. Að mati Ríkisendurskoðunar eru slíkar úttektir mikilvægur þáttur í eftirliti, uppgjöri og samningagerð.

Innanríkisráðuneyti hyggst fara yfir efni, form og eftirlit samninga með stofnunum sínum með það að markmiði að samræma ákvæði þeirra, svo sem um reglulega endurskoðun samninga og úttektir. Að öðru leyti hyggst ráðuneytið ekki beita sérstaklega fyrir því að stofnanir þess vinni úttektir nema ástæða sé til. Ríkisendurskoðun fagnar áformum ráðuneytisins um samræmingu ákvæða og hvetur til þess að gerðar verði reglulegar úttektir á samningum.

UPPLÝSINGAR FRÁ VERKSALA

Samkvæmt ákvæðum skuldbindandi samninga sem stofnanir innanríkisráðuneytis hafa gert gegna upplýsingaskil og móttaka og greining gagna mikilvægu hlutverki í eftirliti þeirra. Eins og sjá má af töflu 2.5 er í öllum samningum kveðið á um regluleg upplýsingaskil verksala, til dæmis ársreikninga, ársskýrslur, lykiltölur rekstrar eða áætlanir. Í 19 af 25 samningum eru skil upplýsinga um farþegafjölda o.þ.h. skilyrði fyrir greiðslum og í einum samningi eru greiðslur tengdar við rekstrarniðurstöðu og því háðar upplýsingum um reksturinn. Ákvæði um að eftirlit felist meðal annars í móttöku og greiningu innsendra gagna er að finna í 12% virkra samninga stofnana innanríkisráðuneytis.

2.5 Samningar sem stofnanir eru skráðar verkkaupi að			
SAMNINGUR	ÁKVÆÐI UM UPPLÝSINGASKIL	SKILYRÐI GREIÐSLNA	SAMNINGSTÍMABIL
HRÍSEYJARFERJA	JÁ	JÁ	2007–11
MJÓAFJARÐARFERJA	JÁ	JÁ	2008–11
ALM.SAMG. – ÁRBORG OG HVERAGERÐI	JÁ	NEI	2009–11
ALM.SAMGÖNGUR – ÁRBORG	JÁ	NEI	2009–11
ÍSAFJARÐARDJÚP, VIGUR	JÁ	JÁ	2010–11
ÍSAFJARÐARDJÚP, ÆÐEY	JÁ	JÁ	2010–11
NORÐURFJÖRÐUR	JÁ	JÁ	2010–11
GRÍMSEYJARFERJA	JÁ	JÁ	2010–11
VESTMANNAEYJAFERJA	JÁ	JÁ	2010–11
FLUGFÉLAG ÍSLANDS EHF.	JÁ	JÁ	2010–11
BÍLAR OG FÓLK EHF.	JÁ	JÁ	2011
HÓPFERÐABÍLAR AKUREYRAR EHF.	JÁ	JÁ	2011
SBA-NORÐURLEIÐ HF.	JÁ	JÁ	2011
VALDIMAR L. GÍSLASON	JÁ	JÁ	2011
TORFI ELÍS ANDRÉSSON	JÁ	JÁ	2011
STJÖRNUBÍLAR EHF.	JÁ	JÁ	2011
JAKOB SIGURÐSSON	JÁ	JÁ	2011
FERÐAÞJÓN. AUSTURLANDS EHF.	JÁ	JÁ	2011
AUSTFJARÐALEIÐ EHF.	JÁ	JÁ	2011
SÉRL.FERÐIR HAUKS ELÍASSONAR EHF.	JÁ	JÁ	2011
BREIÐAFJARÐARFERJA	JÁ	JÁ	2010–12
ERNIR EHF.	JÁ	JÁ	2011–14
VAKTSTÖÐ SIGLINGA	JÁ	NEI	2010-2019
ALM.SAMGÖNGUR – AKRANESKAUPST.	JÁ	NEI	ÓTÍMABUNDIÐ
ALM.SAMGÖNGUR – SUÐURNES	JÁ	NEI	ÓTÍMABUNDIÐ

Ráðuneytið hefur ekki sérstakt eftirlit með því að ákvæði um upplýsingaskil, móttöku og greiningu gagna eða skilyrði greiðslna séu virt en telur þó að verklag stofnana við meðferð slíkra gagna og varðveislu þeirra sé sambærilegt og það er hjá ráðuneytinu. Er stofnunum treyst fyrir því að sjá til þess að ákvæði um skilyrði fyrir greiðslum séu virt.

Eins og áður kom fram er mikilvægt að verkkaupi yfirfari innsendar upplýsingar um starfsemi. Komi það síðar fram að starfsemi hafi verið með öðrum hætti en um var samið verður erfitt fyrir verkkaupa að sækja bætur vegna samningsbrota hafi hann ekki yfirfarið gögnin og gert viðeigandi athugasemdir. Ráðuneytið sinnir þessu verkefni þegar það hefur sjálft stöðu verkkaupa en þegar um undirstofnanir er að ræða eru það

stofnanirnar sjálfar sem hafa stöðu verkkaupa og sjá þá um eftirfylgni og yfirferð upplýsinga. Að mati Ríkisendurskoðunar verður ráðuneytið að fylgjast með því að stofnanir þess sinni þeim verkefnum sem samningar kveða á um og ganga þannig úr skugga um að ekki sé greitt fyrir þjónustu sem ekki er eins og um var samið.

Í 19 af 25 samningum er tekið fram að greiðsla fari fram eftir að skýrslu um ferðir, farþegafjöldi o.þ.h. hefur verið skilað. Í samningunum koma jafnframt fram upplýsingar um þjónustuflokka og uppsett verð fyrir ferðir á ákveðnum leiðum. Ráðuneytið telur að eftirlit með ákvæðum af þessu tagi sé virkt með þeim hætti að ef misbrestur væri á ákvæðum sem þessum kæmu fram ábendingar um slíkt af hendi sveitarstjórna og almennings sem þjónustuna nota. Vinnubrögð eins og ráðuneytið lýsir eru háð því að utanaðkomandi þættir komi upp um vanefndir og önnur vandkvæði. Að mati Ríkisendurskoðunar ætti ráðuneytið að ganga úr skugga um að stofnanir þess virði ákvæði af þessu tagi og greiði aðeins fyrir veitta þjónustu í samræmi við innsendar skýrslur. Ríkisendurskoðun hvetur innanríkisráðuneyti til þess að koma upp ákveðnu verklagi fyrir yfirferð upplýsinga um gagnasöfnun stofnana svo að tryggja megi að einungis sé greitt fyrir þjónustu í samræmi við ákvæði samninga um umfang og gæði þjónustu.

ENDURNÝJUN EÐA FRAMLINGING SAMNINGA

Í svörum sínum bendir ráðuneytið réttilega á að hlutverk þess er að móta stefnu í málaflokkum sem undir ráðuneytið heyra og eru samningar sem stofnanir gera byggðir á þeirri stefnu. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 83/2000 ber stofnun að leita skriflegrar heimildar fjármálaráðuneytis og viðkomandi fagráðuneytis fyrir öllum skuldbindingum til lengri tíma en 90 daga. Ríkisstofnunum er jafnframt óheimilt að skuldbinda ríkissjóð með samningum án þess að fyrir liggi heimild í lögum eða samþykki ráðuneytis.

Samkvæmt ákvæðum samnings Vegagerðarinnar við Sæferðir ehf. um rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs skulu samningsaðilar ákveða fyrir tilgreinda dagsetningu hvort stefnt verði að áframhaldandi samstarfi. Ráðuneytið fylgist ekki sérstaklega með því að stofnun þess virði ákvæði af þessu tagi. Um það hvort ráðuneytið hafi afskipti af slíkum ákvörðunum hjá stofnunum sínum segir ráðuneytið að það komi eftir atvikum að ákvörðunum um endurnýjun/framlengingu samninga.

Að mati Ríkisendurskoðunar þarf ráðuneytið að koma með skipulögðum hætti að endurnýjun og framlengingu samninga sem stofnanir þess gera. Mikilvægt er að fylgjast með því að samningar sem stofnanir gera séu í samræmi við þá stefnu sem ráðuneytið setur og að ákvæði gildandi samninga um endurnýjun og framlengingu séu virt.

**TRYGGJA ÞARF AÐ
GREIÐSLUR SÉU Í
SAMRÆMI VIÐ
ÁKVÆÐI**

**RÁÐUNEYTIÐ ÆTTI
AÐ KOMA AÐ
SAMNINGAMÁLUM
STOFNANA SINNA**